

### **Utan dagskrár um fundarsköp**

**Óskar Bergsson:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kem hér upp vegna ræðu borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar og þess orðbragðs í raun og veru sem hann er farinn að nota hér alltof oft og nánast í hverri einustu ræðu, og það er eins og kannski Borgarstjórn Reykjavíkur sé orðin [frammícall, ÓFM] ómeðvituð eða átti sig ekki lengur á því hvað í raun og veru þetta orðbragð sem borgarfulltrúinn nýtir – hvað þetta setur Borgarstjórn Reykjavíkur niður. Og það er alveg með ólíkindum að við skulum sitja hér undir því, forseti, að borgarfulltrúinn standi hérna í ræðustól, kalli menn og flokka og aðra þá sem hugsanlega geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér hér í salnum öllum illum nöfnum og við erum hætt að hreyfa legg né lið. Og ég vil nú segja það þegar að líða tekur nú að lokum þessa kjörtímabils að Borgarstjórn Reykjavíkur beri gæfu til á næsta kjörtímabili að menn snúi af þessari varhugaverðu leið að haga ræðum sínum og málflutningi með þeim hætti að það er bara ekki boðlegt.

Ég minni borgarfulltrúann á að þetta er opinn fundur, opinn fundur fyrir gesti borgarinnar að koma hér í fundarsal og fylgjast með umræðum og er útvarpað líka, og það sem hér kemur frá okkur er engan vegin samboðið virðingu Borgarstjórnar Reykjavíkur.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Og þá hefur óskað eftir að taka til máls undir þessu umfjöllunarefni borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

### Utan dagskrár um fundarsköp

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti. Ég segi vitið ér enn eða hvat. Óskar Bergsson borgarfulltrúi af öllum skuli koma og mæla þessi orð. Maðurinn sem er hér með stanslausar upptökur í minni borgarstjórn og nefndi þann sem hér stendur og hans málflutning andlegt rusl. Ég skal svara þér borgarfulltrúi Óskar Bergsson: Að ef ég er andlegt rusl þá skaltu finna orð um sjálfan þig. Ég beiti ekki svona málflutningi.

Þetta var málefnaleg ræða um forgangsroðun og vissulega pólitíska spillingu. Fólkið sér ekki í gegnum moldviðrið sem hefur verið þyrlað upp í kringum pólitíska spillingu. Hvenær talið þið um það borgarfulltrúi góður. En af öllum borgarfulltrúum skuli Óskar Bergsson koma hér og ekki vanda þeim sem hér stendur kveðjurnar. Maður sem svífst einskis í fyrirgreiðslupólitík og kostar borgarsjóð ásamt öðrum framsóknarmönnum milljarða kr. í fyrirgreiðslupólitík á næstu árum. Ég segi bara að mér er allt að því hrós að þessi borgarfulltrúi skuli koma hér upp og kalla mig einhverjum öðrum orðum en andlegt rusl.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Ég vil af þessu tilefni af þessari umræðu hér almennt segja það að megin reglan er sú og í anda þeirra fundarskapa sem að við höfum samþykkt og getur um í 18. grein um fundarstjórn að tala með tilhlýðilegum hætti um þá aðila sem að hér eru ekki á þessum fundi og geta ekki varið sig. Það eru bara almennir mannsiðir og þurfti vart að setja í reglur. En á hinn bóginn og þetta segi ég hér almennt, en á hinn bóginn að þá er þetta svo og hefur verið um áratuga skeið að hér takast menn á innan þessara veggja og það er svo sem annað sem gildir um þá umræðu þar sem að menn beina spjótum sínum hver að öðrum. En númer eitt, tvö og þrjú að þá gildir það auðvitað að tala þannig máli að menni geti verið fullsæmdir af. [frammícall, ÓFM] Ég er ekki að beina orðum til neins sérstaks, þessu var ekki beint sérstaklega til borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar, þetta eru almenn orð forseta borgarstjórnar. Og til máls tekur Óskar Bergsson.